

Íslensku bókmenntaverðlaunin sem forseti Íslands afhendir

Stofnuð af Félagið íslenskra bókaútgefenda í tilefni 100 ára afmæli þess, 12. janúar 1989.

I. Tilgangur

1. grein

Tilgangur Íslensku bókmenntaverðlaunanna er að styrkja stöðu frumsaminnna íslenskra bóka á íslenskri tungu, efla vandaða bókaútgáfu, auka umfjöllun um bókmenntir í fjölmiðlum og hvetja almenna lesendur til umræðna um bókmenntir.

II. Val bóka til samkeppni

2. grein

Hver sá sem gefur út prentaðar bækur sem eru til sölu á almennum markaði, á þess kost að tilnefna þær af útgáfubókum sínum sem hann óskar að komið til álitu samkvæmt nánari reglum sem stofnendur verðlaunanna setja samhliða þessari reglugerð og að frágengnum þátttökukostnaði. Heimilt er að skila pdf handritaútgáfum fram að afhendingu prentaðra útgáfuverka. Dómnefndareintök skulu vera á prentuðu formi. Þrjú fullfrágengin útgáfuverk fyrir dómnefndir og fjögur fyrir lokadómnefndir tilnefndra bóka eru hluti af þátttökukostnaði og ekki endurkrefjanleg.

Verðlaunin skiptast í þrjú flokka, skáldverk, fræðibækur og rit almenns efnis og barna- og ungmennabækur. Við tilnefningu skal tekið fram hvort um er að ræða:

- Frumsamín íslensk skáldverk, laust mál eða ljóð, fyrir fullorðna.
- Önnur frumsamín íslensk ritverk, fræðirit, frásagnir, handbækur fyrir fullorðna og hver þau verk sem að jafnaði teljast ekki skáldskapur.
- Frumsamín íslensk verk fyrir börn og ungmenni.

III. Val á framúrskarandi bókum ársins

3. grein

Um mánaðamót nóvember/desember verða valdar fimmtán bækur útgáfuársins, fimm úr hverjum flokki sem dómnefndir telja að skari fram úr, muni vekja áhuga hins almenna lesanda og verðskuldi að hljóta Íslensku bókmenntaverðlaunin. Níu dómarar, þrjár fyrir hvern flokk, annast valið. Félag íslenskra bókaútgefenda skipar dómnefndir og tilnefnir formenn þeirra. Eigi skulu sömu menn starfa sem dómarar lengur en þrjú ár samfleytt og líða skulu a.m.k. tvö ár frá dómarastörfum áður en menn koma til þeirra á ný.

IV. Val verðlaunabóka ársins

4. grein

Lokadómnefnd skal skipuð formönnum þeirra þriggja nefnda er áður er getið, auk formanns dómnefndar Blóðdropans og fulltrúa skipuðum af forseta Íslands og er sá jafnframt formaður lokadómnefndar. Dómnefndin velur eina bók úr hverjum flokki til verðlauna sem forseti Íslands afhendir við hátíðlega athöfn eigi síðar en 15. febrúar

V. Verðlaunafé

5. grein

Verðlaunafjár er aflagð samkvæmt stofnskrá settri af Félagi íslenskra bókaútgefenda.

VI. Um merki verðlaunanna

6. grein

Tilnefndar bækur hljóta rétt til þess að bera tilnefningamerki verðlaunanna og verðlaunabækur sömuleiðis rétt til að bera verðlaunamerkið. Ekki er leyfilegt að birta merki verðlaunanna án snertingar við bókakápu þeirrar bókar sem hlotið hefur tilnefningu eða verðlaun.

Samkv. stjórnarsamþykkt 30. apríl 2026.

Reglur frá 1990 með áorðnum breytingum 1991, 1993, 2000, 2002,2013, 2023, 2025 og 2026.